

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

881. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 21. september 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, varamaður, Ingimar Sigurðsson, varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Afgreiðslur:

- 1. Rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs** er mættur til fundar við byggðarráð. Farið yfir stöðu verkefna s.s lengingu útrásar 3, vatnsveitu í Traðarhverfi, ný vatnsinntök, vatnsveitu og hitaveitu, frágangur við vatnsveitu á Borðeyri, nýbyggingu gangstétta, viðhald dæluhúsa á Laugarbakka og Reykjatanga, mælaskipti hitaveitu ofl.
- 2. 1509108 Viðbygging við íþróttahús.** Lagðar fram fundargerðir og útfærslur vinnuhóps um viðbyggingu íþróttahúss. Magnús Eðvaldsson og rekstrarstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs mættu á fundinn til að kynna hugmyndir vinnuhópsins um viðbygginguna. Byggðarráð þakkar vinnuhópnum fyrir vel unnin störf og felur rekstrarstjóra að láta forhanna og kostnaðargreina bygginguna.
- 3. 1509104 Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. september sl.**
- 4. 1509105 og 1509106 Fundargerðir stjórnar SSNV**
Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar SSNV frá 8. og 15. september sl
- 5. 1509102 Lagt fram til kynningar bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 1. september sl.** Boð á IX Umhverfisþing sem haldið verður 9. október nk. á Grand Hotel í Reykjavík
- 6. 1509101 Lagt fram bréf Markaðsskrifstofu Norðurlands, styrkbeiðni vegna verkefnisins Air66.** Samþykkt að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2016.

7. **1509103 Lagt fram bréf Blindrafélagsins** dags 14. september sl. þar sem óskað er eftir að Húnaþing vestra geri ferðapjónustusamning við Blindrafélagið. Byggðarráð samþykkir að senda erindið til umsagnar sviðsstjóra fjölskyldusviðs.
8. **1509108 Skólasvæði.** Lögð fram gróf kostnaðaráætlun vegna tillagna vinnuhóps um framkvæmdir á svæðinu milli íþróttahúss og leikskóla. Hugmyndum og framhald verkefnisins vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.15:32

Elín Jóna Rósinberg

Ingimar Sigurðsson

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir